

Upplýsingastefna Sýnar hf.

Markmið upplýsingastefnu

Markmið upplýsingastefnu Sýnar hf. er að félagið veiti markaðnum tímanlegar, áreiðanlegar og nákvæmar upplýsingar um félagið í samræmi við lög, reglugerðir og reglur Kauphallar Íslands sem varða félög á skipulegum verðbréfamarkaði. Sýn ber að birta opinberlega upplýsingar eins og mælt evvr fyrir um í lögum um verðbréfavíðskipti og reglugerðum sem sækja heimildir sínar þangað. Útgefendareglur Kauphallar Íslands, eins og þær eru á hverjum tíma, mæla einnig fyrir um hvað félaginu ber að birta opinberlega.

Upplýsingagjöf

Sýn leggur áherslu á opin og trúverðug samskipti við fjárfesta, greiningaraðila, fjölmiðla og aðra hagsmunaaðila og mun gæta þess að aðilar sem eins er ástatt um hafi jafnan aðgang að upplýsingum um félagið.

Félagið mun kappkosta að tryggja að það sinni framangreindri upplýsingaskyldu sinni í samræmi við stefnu þessa.

Sýn birtir fréttatilkynningar sem lúta að upplýsingum um félagið á íslensku gegnum GlobeNewswire, viðurkennt útsendingarkerfi Nasdaq OMX Iceland. Þegar fréttirnar birtast í Kauphöll Íslands birtast þær samtímis á Evrópska efnahagssvæðinu og á heimasíðu Sýnar. Fréttirnar eru einnig sendar á fjölmiðla ef við á. Að því marki sem hægt er verða verðmótandi upplýsingar birtar eftir lokun

markaða. Á heimasíðu Sýnar er hægt að nálgast þær upplýsingar sem félagið birtir í samræmi við útgefendareglur Kauphallar og stjórnarhætti félagsins.

Samskipti við fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila, fjölmiðla og starfsmenn

Sýn vill eiga góð samskipti við fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila, fjölmiðla og starfsmenn sína og mun koma viðeigandi upplýsingum um félagið á framfæri við framangreinda aðila. Í kjölfarið á birtingu ársfjórðungslegra uppgjöra og ársuppgjörs heldur félagið upplýsingafundi fyrir fjárfesta, hluthafa, greiningaraðila og fjölmiðla.

Sýn svarar fyrirspurnum þessara aðila að því marki sem félaginu er heimilt þegar tekið er mið af jafnræði fjárfesta á markaði. Sýn hf. – Suðurlandsbraut 8 – 108 Reykjavík – Iceland – Kt. 4709051740 – syn@syn.is

Sýn birtir reglulega á heimasíðu sinni fréttir af starfsemi félagsins sem ekki falla undir upplýsingaskyldu þess og sendir eftir atvikum fréttatilkynningar þess efnis til fjölmiðla.

Hluthafar sem vilja beina fyrirspurnum til stjórnar eða gera grein fyrir viðhorfum sínum tengdum rekstri geta sent tölvupóst á stjorn@syn.is eða í undantekningartilvikum beint fyrirspurnum til stjórnarformanns. Skal stjórnarformaður í slíkum tilvikum annast samskipti við hluthafa f.h. stjórnar og upplýsa stjórn um slík samskipti. Fyrirspurnum sem varða rekstur verður svarað að því marki sem lög leyfa.

Þagnartímabil

Sýn mun að meginstefnu ekki tjá sig um málefni sem varða afkomu eða rekstur félagsins tveimur vikum fyrir lok hvers reikningstímabils og fram að birtingu uppgjörs.

Álit á viðkvæmum viðskiptaupplýsingum og hreyfingum á verði hlutabréfa

Sýn fylgir þeirri stefnu að tjá sig ekki um breytingar á verði hlutabréfa félagsins eða viðskiptamagni í Kauphöll. Sýn mun ekki tjá sig um orðróm eða getgátur á markaði nema lög eða reglur krefjist þess.

Talsmaður félagsins

Forstjóri félagsins er talsmaður þess. Forstjóri getur veitt öðrum starfsmönnum heimild til að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar. Fjárfestar, hluthafar, greiningaraðilar, fjölmiðlar og aðrir geta beint fyrirspurnum sínum varðandi Sýn til forstjóra félagsins á netfangið (fjarfestatengsl@syn.is).

Upplýsingastefna þessi, sem sækir stoð í gr. 1.1.21 í reglum fyrir útgefendur fjármálagerninga á aðalmarkaði Nasdaq OMX Iceland, útgefnar 17. desember 2013, var samþykkt af stjórn Sýnar hf. þann 18. febrúar 2015.